

## Reglur um afhendingu sjúkraskrárgagna á Reykjalundi

### *Tilgangur*

Tilgangur þessara reglna er að tryggja rétt fólks til upplýsinga úr eigin sjúkraskrá skv. lögum um réttindi sjúklinga. Enn fremur að afhending og aðgangur að upplýsingum úr sjúkraskrá sé í samræmi við lög og reglugerðir.

### *Ábyrgð*

Reykjalundur endurhæfing ehf. ber ábyrgð á meðferð sjúkraskráa og afhendingu sjúkraskrárupplýsinga sem eru í vörlu stofnunarinnar skv. lögum um sjúkraskrá nr. 55/2009. Umsjónaraðili og ábyrgðarmaður sjúkraskrár ber ábyrgð á að farið sé eftir þessu verklagi. Heilbrigðisgagnafræðingar bera ábyrgð, í samráði við framkvæmdastjóra lækninga, á afhendingu og skráningu á því hverjir hafa aflað upplýsinga, hvenær þeirra var aflað og í hvaða tilgangi.

Ekki er heimilt öðrum en læknum eða heilbrigðisgagnafræðingum að afhenda sjúklingi afrit úr sjúkraskrá og aðeins að undangenginni skriflegri beiðni sjúklings.

### *Eyðublaðið*

Beiðni um afrit úr sjúkraskrá er að finna á heimasíðu Reykjalundar og skal því skilað undirrituðu til heilbrigðisgagnafræðinga. Einnig er hægt að senda beiðni í tölvupósti á [hgf@reykjalundur.is](mailto:hgf@reykjalundur.is)

### *Sjúklingur óskar eftiri afriti úr eigin sjúkraskrá*

Afrit úr sjúkraskrá má einungis láta í té gegn skriflegri beiðni sjúklings.

Eyðublaðið „Beiðni um afrit úr sjúkraskrá“ tekur á ferli umsóknar um afhendingu gagna úr sjúkraskrá. Gæta skal þess að í gögnum sem afhent eru séu ekki upplýsingar sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða frá öðrum heilbrigðisstofnunum.

Afrit úr sjúkraskrá skal senda með rafrænum hætti sé þess kostur. Senda ber gögnin með öruggum og viðurkenndum hætti eins og í Heilsuveru eða með Signet.

Séu gögn afhent á Reykjalundi skal kvitta fyrir móttöku gagnanna. Sýna þarf persónuskilríki. Móttökukvittun skal varðveitt í rafrænni sjúkraskrá.

Útprentuð blöð skulu stimuluð sem afrit. Heilbrigðisgagnafræðingar ganga frá skjölum á tryggilegan hátt í lokaðar umbúðir, merktar þeim sem hafa heimild til að taka við þeim.

Maki eða ættingjar, þó nákomnir séu, hafa ekki rétt til að fá afrit sjúkraskrár án umboðs.

Óheimilt er að senda sjúkraskrárupplýsingar með almennum bréfapósti, tölvupósti og faxi. Einnig er óheimilt að vista sjúkraskrárupplýsingar á tölvu eða annarskonar búnaði.

*Læknir óskar eftir að fá afrit úr sjúkraskrá sjúklings:*

Læknir sem hefur sjúkling til meðferðar getur óskað eftir gögnum úr sjúkraskrá hafi hann ekki aðgang að Sögukerfinu. Senda skal gögn með skráðum áb.pósti eða Signet á kennitölu læknis.

*Aðrir en læknar sjúklings eins og t.d. lögfræðingar, dómkvaddir matsmenn o.p.h. sem óska eftir læknisvottorði eða afriti úr sjúkraskrá:*

Heimilt er að afhenda öðrum aðilum heilsufarsupplýsingar ef fyrir liggur skrifleg heimild sjúklings eða umboðsmanns hans, úrskurður dómstóls eðalagaskilyrði er leiða að öðru leyti til slíkra afhendinga, sbr. 8. gr. og 9. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

*Aðgangur að sjúkraskrá látins einstaklings:*

Beiðnum skal vísað til Embættis Landlæknis.

Ekki skal krafist gjalda fyrir afrit til opinberra stofnana. Að öðru leyti gildir gjaldskrá Reykjalundar endurhæfingar ehf.

Reykjalundi 15. apríl 2025

